

48 stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir, myndugleika til að selja hlut-
23. marz. aðeigandi leiguliðum eptirnefndar þjóðjarðir fyrir verð það, sem ákveðið er lægst í tjeðum
lögum, og að öðru leyti með skilmálum þeim, sem þar eru heimilaðir. Jarðir þessar, sem
í lögnum eru hin 2. 3. 4. og 9. í röðinni, eru þær sem hjer segir:

Þverá í Kleifahreppi; jörð þessa sem með virðingargjörð þeirri, er fyrirskipuð er
í 2. gr. nefndra laga er virt á 1820 kr., má selja ábúandanum Guðlaugi Guðmundssyni
fyrir 2027 kr.

Hlíð í Leiðvallahreppi, virt á 2000 kr.; hana má selja ábúandanum Sigríði
Sveinsdóttur fyrir 2360 kr.

Arnarnes í Eyjafjarðarsýslu, virt á 3000 kr.; hana má selja ábúandanum Antoni
Sigurðssyni fyrir 3200 kr.

Orrastaðir í Húnavatnssýslu, virt á 2500 kr.; hana má selja ábúandanum Ey-
steini Jónssyni fyrir 3000 kr.

Sömuðeðis skal yður veittur myndugleiki til að gefa út kaupbrjef fyrir nefndum
jörðum.

Virðingargjörðir þær, er fylgdu ofannefndu brjefi yðar, endursendast hjermeð.

49 Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um makaskipti á kirkjujörð.
30. apr. — Samkvæmt tillögum ráðgjafans í tilefni af póknanlegu brjefi yðar, herra landshöfð-
ingi, dags. 21. f. m., hefir hans hátign konunginum 21. p. m. allramildilegast póknast
að samþykkja, að eignarjörð Sauðafells kirkju Hamrar í Laxárdal í Dalasýslu í Vestur-
amtinu verði seld í makaskiptum fyrir hálfa jörðina Sauðafell í sömu sýslu, þannig að
fyrnefnd jörð verði eptirleiðis, að því er skattskyldu snertir, skoðuð sem hver önnur
bændaeign en hin síðarnefnda sæti sömu kjörum sem aðrar kirkjujarðir.

Þetta er hjermeð þjónustusamlega tjáð yður, herra landshöfðingi til póknanlegrar
leiðbeiningar og frekari birtingar.

50 Brjef landshöfðingja til biskupsins yfir Íslandi um niðurlagning Melakirkju.
23 maí — Samkvæmt ályktun hjeradsfundarins í Borgarfjarðarprófastsdæmi og tillögu yðar, há-
æruverðugi herra, í póknanlegu brjefi 8. desember f. á. og eptir að hafa meðtekið yfir-
lýsingu þá frá eiganda Leirárkirkju, er fylgdi póknanlegu brjefi yðar 10. f. m., vil jeg
hjermeð með skýrskotun til 4. gr. laga um skipun prestakalla frá 27. febrúar 1880 fall-
ast á:

- 1, að kirkjan á Melum í Melasveit verði lögð niður og rifin, og að bæjir þeir, sem nú
heyra til Mela sókn eigi framvegis kirkjusókn að Leirá,
- 2, að sjóður Melakirkju svo og ornamenta hennar og instrumenta og andvirði kirkju-
hússins leggist til Leirárkirkju, gegn því að þessi kirkja verði stækkuð svo, að hún
rúmi söfnuð hinna tveggja sameinuðu sókna.

Aptur á móti er engin heimild til þess að lögum, að eigandi Leirárkirkju fái fyrir
stækkun þessarar kirkju, einsog hann hefur óskað eptir, andvirði 2 seldra hestamæðra og
búshluta sem hafa fylgt Mela stað, parsem þessir munir sem annað staðarfe verða að

álitast hafa verið eign prestakallsins en ekki kirkjunnar, og eigi því andvirði þeirra að 50
fylgja prestakallinu framvegis sem innstæða.

23. maí.

Þetta tilkynni jeg yður hjermeð þjónustusamlega til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar.

2 brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um 51
hlunnindi handa sparisjóðum á Akureyri og í Arnarnesshreppi. — Með brjefum þessum 27. maí.
voru sparisjóðunum á Akureyri og í Arnarnesshreppi í Eyjafjarðarsýslu veitt um 5 ár frá 1. júlí þ. á. að telja, eða til 30. júní 1890, öll hlunnindi þau sem talin eru í tilskipun 5. janúar 1874, með þeim skilyrðum, að trygging sú, sem sparisjóðirnir nú veita, ekki rýrni, að ákvarðananna um reikningsskil í lögum sjóðanna verði nákvæmlega gætt og að forstöðunefnd sjóðanna sendi landshöfðingja á ári hverju eptirrit af ársreikningum sjóðanna. Svo var einnig skipað að skýra landshöfðingja frá, ef breyting yrði gjörð á lögum sjóðanna og, að því er hinn síðarnefnda sjóð snerti, ef skipti yrðu á ábyrgðarmönnum hans.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um end- 52
urveitingu hlunninda handa sparisjóði Höfðhverfinga. — Samkvæmt þarum inkom- 28. maí.
inni beiðni frá forstöðunefnd sparisjóðs Höfðhverfinga endurveitist hjermeð nefndum sparisjóði fyrir næstu 10 ár frá 1. jan. 1886 að telja eða til 31. des. 1895 hlunnindi þau, er samkvæmt tilsk. 5. jan. 1874 voru veitt honum með landshöfðingjabrjefi, dags. 2. des. 1880, og er endurveiting þessi bundin hinum sömu skilyrðum, sem til tekin voru í nefndu brjefi.

Þetta bið jeg yður, herra amtmaður þjónustusamlega að tilkynna forstöðunefnd ofanefnds sparisjóðs.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um 53
skiptingu Leiðvallahrepps. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 22. þ. m., hafið þjer, herra 29. maí.
amtmaður, sent hingað erindi sýslumannsins í Skaptafellssýslu þarsem hann fyrir hönd sýslunefndarinnar í Vestur-Skaptafellssýslu og eptir ósk hreppsnefndarinnar í Leiðvallahreppi fer þess á leit, að hinum núverandi Leiðvallahreppi verði skipt í þrjá hreppa, og hafið þjer mælt fram með því, að þessi beiðni verði tekin til greina.

Þareð jeg verð að álíta, að ástæða sje til að fallast á hina umræddu hreppaskiptingu á þann hátt, sem farið hefur verið fram á, skal jeg hjermeð samkvæmt 23. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar frá 4. maí 1872 skipa fyrir á þessa leið:

1. Leiðvallahreppi í Vestur-Skaptafellssýslu skal skipt í þrjá hreppa, þannig
að Meðalland sje hreppur sjer og haldi nafninu *Leiðvallahreppur*;
að Álptaver verði hreppur sjer og nefnist *Álptavershreppur*, og
að Skaptártunga verði hreppur sjer og nefnist *Skaptártunguhreppur*.
2. Öllum eignum, skuldum og ómögum hins núverandi Leiðvallahrepps, þeim sem